

Mál nr. 113/2007

M og

Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar K

Starfsmaður féll úr stiga þ.10.9.2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.6.2007. ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 352/2007
3. Bréf V dags. 26.6.2007

Málsatvik.

M fór upp í stiga vegna vinnu sinnar en neðsta tappa stigans var brotin og vissi M af því. M segist hafa gleymt því að neðsta trappan var brotin þegar hann var að fara niður stigann og misst jafnvægið og gólfið verið sleipt vegna fitu og hafi hann dottið og orðið fyrir slysi því sem um ræðir. Engin vitni voru að þessu slysi M. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu K hjá V. Vísað er til þess af hálfu lögmanns M sem fram kemur í tilkynningu til Vinnueftirlitsins undirritað af öryggistrúnaðarmanni vinnustaðarins og er því haldið fram að umræddur stigi hafi verið vanbúinn og um saknæman vanbúnað K að ræða. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að saknæmri háttsemi K sé um að ræða og verði tjónið rakið til óhappatilviljunar. Þá bendir V á að M hafi verið verkstjóri í sinni deild.

Álit.

Ekki er sýnt fram á að um saknæman vanbúnað hafi verið að ræða á vinnustað M sem leiði til bótaskyldu K. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

Reykjavík 17.7. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.